

FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/47

frá 22. nóvember 2011

um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 8289)

(2011/754/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB frá 16. september 2009 um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að váttrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin⁽¹⁾, einkum 2. mgr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þann 30. maí 2002 var gerður samningur (hér á eftir „samningurinn“) á milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og öðrum samstarfsríkjum. Samkvæmt skilmálum samningsins eru allar landsskrifstofur skuldbundnar, í samræmi við ákvæði landslaga um skyldutryggingar, til að gera upp tjón vegna slysa, sem verða á yfirráðasvæði þeirra, af völdum ökutækja sem að öllu jöfnu eru á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða á yfirráðasvæði Króatíu, Kýpur, Tékklands, Ungverjalands, Íslands, Noregs, Slóvakíu, Slóveníu eða Sviss, hvort heldur sem þessi ökutæki eru trygð eður ei.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/564 frá 28. júlí 2003 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja⁽²⁾ kveður á um, að frá 1. ágúst 2003 skuli aðildarríkin ekki hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu þeirra ökutækja, sem að öllu jöfnu eru á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða á yfirráðasvæði Króatíu, Kýpur, Tékklands, Ungverjalands, Íslands, Noregs, Slóvakíu, Slóveníu eða Sviss.
- 3) Samningurinn var auk þess útvíkkaður með 1. viðbót til að ná yfir skrifstofurnar í Eistlandi, Lettlandi, Litháen, á

Möltu og í Póllandi. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/332/EB frá 2. apríl 2004 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja⁽³⁾ er kveðið á um að frá 30. apríl 2004 skuli aðildarríkin ekki hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu þeirra ökutækja sem að öllu jöfnu eru á yfirráðasvæði Eistlands, Lettlands, Litháen, Möltu eða Póllands.

- 4) Samningurinn var auk þess útvíkkaður með 2. viðbót til að ná yfir skrifstofuna í Andorra. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/849/EB frá 29. nóvember 2005 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja⁽⁴⁾ kveður á um að frá 1. janúar 2006 skuli aðildarríkin ekki hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu þeirra ökutækja sem að öllu jöfnu eru á yfirráðasvæði Andorra.
- 5) Samningurinn var auk þess útvíkkaður með 3. viðbót til að ná yfir skrifstofurnar í Búlgaríu og Rúmeníu. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/482/EB frá 9. júlí 2007 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja⁽⁵⁾ kveður á um að frá 1. ágúst 2007 skuli aðildarríkin ekki hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu þeirra ökutækja sem að öllu jöfnu eru á yfirráðasvæði Búlgaríu eða Rúmeníu. Þann 29. maí 2008 steypiti landsskrifstofa bifreiðatrygginga samninginn saman og voru 1.-3. viðbætur felldar inn í hann.
- 6) Þann 26. maí 2011 undirrituðu landsskrifstofur bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum og í Andorra, í Króatíu, á Íslandi, í Noregi og í Sviss 1. viðbót við samsteypta samninginn þar sem samningurinn var útvíkkaður til að ná yfir landsskrifstofu bifreiðatrygginga í Serbíu. Í viðbótinni er kveðið á um hagnýtt fyrirkomulag við að afnema tryggingaefirlit varðandi ökutæki sem að öllu jöfnu eru á yfirráðasvæði Serbíu og falla undir samninginn.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, 8.11.2012, bls. 38.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 105, 14.4.2004, bls. 39.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 315, 1.12.2005, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 180, 10.7.2007, bls. 42.

- 7) Öll skilyrði fyrir afnámi eftirlits með ábyrgðartryggingu ökutækja, í samræmi við tilskipun 2009/103/EB að því er varðar ökutæki sem að öllu jöfnu eru á yfirráðasvæði Serbíu, eru því uppfyllt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Frá og með 1. janúar 2012 skulu aðildarríkin ekki hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu þeirra ökutækja, sem að öllu jöfnu eru á yfirráðasvæði Serbíu, og falla undir 1. viðbót við samninginn á milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og öðrum samstarfsríkjum.

2. gr.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til framkvæmdar þessari ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 22. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Michel Barnier

framkvæmdastjóri.